

Ráðstafanirnar í efnahagsmálunum eru samkomulagsleið

Framhald af 1. síðu.
að hamla gegn verðhækkunum eftir setningu laganna með allströngu verðlagseftirliti og lækkun á verzlunarlagningu. Þannig var stöðvunarstefnan mörkuð.

Lúðvík drap þessu næst á þá staðreynd að á tæpum tveim árum hafi raunveruleg vísitöluhækkun ekki numið nema 7 stigum, þegar tekið hefur verið tillit til niðurgreiðslna, og gerði stæsta stjórnmálaflokksins hér á landi, Sjálfstæðisflokksins, til verðstöðvunarstefnunnar, en hún hefði miðast í einu og öllu við að brjóta hana niður. Þrátt fyrir ýmsa anmarka í framkvæmd kvaðst ráðherrann telja þá stefnu hafa verið rétta.

Hvernig var ástætt í efnahagsmálunum í árslok 1957? Nokkur reksturshallir varð hjá Útflutningssjóði á árinu, nam hann samtals 34 milljónum kr., og hjá ríkissjóði varð 45 millj. króna reksturshallir. Verulegur aflabrestur hafði orðið á árinu og urðu gjaldeyriskjurnar því minni, en það hlaut að segja til sín með því að hátollaflokkurinn í innflutningnum, sá flokkur sem átti að gefa mestar tekjur í Útflutningssjóð, var skorinn niður mjög verulega eða um rösklega 31%, úr 254 millj. kr. í 174 millj. Þýddi þetta yfir 100 millj. króna tekjuskorðingu fyrir Útflutningssjóð.

Lúðvík sagði að ekki hefði náðst samkomulag við samstarfsflokka um að leita annarra leiða í innflutningnum til að bæta upp tekjurárnunina, t.d. með því að draga úr hinni miklu fjárfestingu, þvert á móti hefði fjárfestingin aukist um 10—11%.

Aukin útgjöld
Auk reksturshalla Útflutningssjóðs var með öllu óhjákvæmlegt um síðustu áramót að gera

Brotizt inn í tvær verzlanir í fyrrinótt

Í fyrrinótt var brotizt inn í útibú verzlunarinnar Goðaborgar á Laugavegi 27 og stolið haglabyssu, ríffli með sjónauka, fjárbýssu, ríffilsjónauka og allmiklu af skottfærum. Í sama húsi og Goðaborg er einnig hattaverzlunin Hrund, og var líka brotizt þar inn og stolið miklu af armböndum, hálsfestum, hálsmenum o.fl. Þess háttar skartgripum og nokkru af skiptimynt.

Lögreglan var ekki búin að hafa upp á þjófum eða þjófunum í gær.

Kaupgjaldsvísitalan 192 stig

Kauplagsnefnd hefur reiknað út vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík hinn 1. maí s.l., og reyndist hún vera 192 stig.

(Viðskiptamálaráðuneytið, 14. maí 1958.)

nýja samninga við útgerðina um aukin útgjöld, þó farið væri í sakirnar eins naumlega og unnt var. Samið hafði verið um að hin auknu útgjöld færu nálega eingöngu til kauphækkunar handa sjómönnum, enda hefði verið mjög brýnt að bæta kjör þeirra svo að ekki hyrfu á fleiri frá framleiðslustörfum heldur fengjust nýir til.

Vegna aflabrestsins þurfti Útflutningssjóður að standa skil á stærri bótum en áður og bætur til landbúnaðarins hækkðu af sjálfu sér. Útgjöld ríkisins höfðu og hækkað og samkvæmt kröfu bænda þurfti að greiða meiri fjárhæðir vegna aukins kostnaðar við dreifingu á landbúnaðarvörum.

Samkomulagsleið

Þegar þetta lá fyrir var spurningin hvernig afla skyldi teknanna. Átti að fara gengislækkunarleiðina eða fyrri leið óbreytta eða enn aðra nýja leið?

Sú leið sem valin hefur verið, sagði Lúðvík, er samkomulagsleið sem allir stjórnflokkarnir geta vafalaust fundið sitt hvað til foráttu. Þetta er millileið, sem brýtur í nokkrum atriðum í bága við fyrri leið, en þó ekki í grundvallaratriðum. Áfram er haldið þá leið, sem brýtur algenglega í bága við gengislækkunarleiðina, þ.e. að ná inn tekjum í Útflutningssjóð með mismunagjaldi; en með gengislækkun gengi jafnt gjald yfir alla flokka. Þá er ekki gert ráð fyrir að deila upp bótunum jafnt, heldur farin mismunaleiðin og fær því sá mestar bætur sem mesta hefur þörfina og sá minna sem síður þarfnast þeirra.

Fyrirkomulag gjaldheimtunnar

Lúðvík lýsti því næst fyrirkomulagi gjaldheimtunnar.

Í höfuðatriðum verður það líkt og var. Á vísitöluflokknum svenfnda, þ.e. flokki allra brýnustu nauðsynja, verða óverulegar breytingar, í hinum almenna flokki sem nú á að bera 55% yfirfærslugjald verður um talsverða verðhækkun að ræða og eins í hátollaflokknum.

Eina grundvallarbreytingin á fyrirkomulaginu verður sú, að lögð verða yfirfærslugjöld á rekstrarvörur framleiðsluvinnuveganna, sem áður voru án sérstakra gjalda. Vék Lúðvík allýtarlega að þessu atriði.

Bótaflokkarnir samræmdir

Hvað bæturnar snertir verður ennþá byggt á mismunakerfi og skiptingu í flokka, en þó stefnt að því að samræma flokkana meira en áður var og og sundurgreiningin ekki eins mikil og verið hefur í framkvæmd. Gert er ráð fyrir að togaraútgæðin taki á sig talsverðar greiðslur í sambandi við lífeyrissjóð togarasjómannna og aldrei minni en 7 millj. kr. á ári.

Vísitöluhækkunin

Lúðvík kvað erfitt að spá hvernig hið nýja kerfi reyndist

í framkvæmd, en sérfræðingar hefðu áætlað að heildarhækkun á vísitölunni gæti numið 14—16 stigum. Grunnkaupshækkunin sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu gengur þegar upp í 9 stig af þessum 14—16, þannig að eftir verða 5—7 stig.

Ráðherrann ræddi í þessu sambandi nokkuð um vísitölukerfið almennt og kvað það síður en svo ósk verkalýðshreyfingarinnar að mæla ætti allt kaup eftir framfærsluvísitölunni. Hinsvegar væri ofureðilegt að verkalýðssamtökin litu þannig á að vísitalan skapaði nokkurt öryggi í kaupgjaldsmálunum.

Mikið veltur á framkvæmdinni

Sjávarútvegsmálaráðherra kvað nauðsynlegt, samhliða ráðstöfununum sem gerðar yrðu, að tryggja framleiðsluvinnuvegunum aukin rekstrarfé; rekstrarlán yrðu að hækka og einnig að auka stofnlán til fiskiskipa.

Hann sagði að í þesum efnahagsaðgerðum fælust talsverðar hættur og ylti mikið á hvernig til tækist um framkvæmd þeirra. Hér hefði verið farin millileið. Ef gengislækkunarleiðin hefði verið valin kvaðst ráðherrann sannfærður um að gengislækkunin hefði ekki orðið minni en 130% og vísitalan hefði þá hækkað um 50 stig.

Auka þarf útflutningsframleiðsluna


Lúðvík Jósepsson benti í lok ræðu sinnar á að hefði aflinn á s.l. ári verið í réttu hlutfalli við sjósókn miðað við árið á undan, hefðu gjaldeyriskjurnar orðið 200 millj. meiri en raun varð. Af þessu gjaldeyristapi hljótum við að súpa seyðið, fyrst ekki var kosinn samdráttur á öðrum sviðum, sparnaður og samdráttur í fjárfestingu o.s.frv.

Og fyrr losnum við ekki úr þessum vanda efnahagsmálanna en okkur tekst að auka útflutningsframleiðsluna og þar með þjóðartekjurnar, og þess vegna þarf að vinna að því að fleiri fást til framleiðslustarfa en nú er.

Helgileikur í Bessastaðakirkju

Á sunnudaginn kemur verður helgileikurinn Bartimeus blindi eftir sr. Jakob Jónsson sýndur í Bessastaðakirkju.

Þetta mun vera fyrsti helgileikurinn, sem sýndur er hér á landi, en erlendis eru þeir nokkuð tíðkaðir. Leikurinn er byggður á frásögn Lúkasarguðspjalls af Bartimeusi blinda og fer Jón Aðils með hlutverk hans, en með önnur hlutverk í leiknum fara kunnir leikarar eins og Haraldur Björnsson, Valur Gíslason, Brynjólfur Jóhannesson, Herdís Þorvaldsdóttir o.fl. Leikstjóri er Lárus Pálsson, en prestspjónustu í leiknum annast höfundur sjálfur, þar sem einungis vígðir menn mega hafa slíkt um hönd. Á undan leiknum flytur sr. Garðar Þorsteinsson ávarp og



Sýning Félags íslenzkra myndlistarmanna í Listamannaskálanum er opin daglega kl. 1—10 og er einhver fjölbreyttasta sýning sem hér hefur verið haldin; þar sýna 35 listamenn 83 verk. Myndin hér fyrir ofan sýnir málverk eftir Jóhannes Jóhannesson.

Sýningarsalurinn opnar myndlistar- og listiðnaðarsýningu

Öll verkin eru happdrættisvinningar

Í dag kl. 2 e.h. verður opnuð myndlistar- og listiðnaðarhappdrættissýning í Sýningarsalnum Hverfisgötu 8-10.

Öll verkin á sýningunni, 30 esson, Jóhannes Kjarval, Kjartalsins, eru vinningar í happdrættinu að heildarverðmæti 65 þús. krónur. Verð hvers miða er 100 kr. en aðeins 3000 miðar gefnir út. Dráttur fer fram 18. júní n.k. Sérstök athygli skal vakin hér á því að val vinninga fer þannig fram: Fyrsta númer, sem dregið verður út fær rétt til þess að velja eitt verk á sýningunni, næsta númer næsta valrétt o.s.frv., alls 29 vinningar að verðmæti 55 þús kr. 30. vinningurinn er myndlistarverk eða listiðnaður eftir eigin vali hjá íslenzku myndlistar- eða listiðnaðarfólki að verðmæti 10 þúsund krónur.

Verkin á sýningunni eru eftir þessa listamenn: Höggmyndir eru eftir Ásmund Sveinsson, Guðmund Benediktsson, Jón Benediktsson og Sigurjón Ólafsson; málverk eftir Benedikt Gunnarsson, Bjarna Jónsson, Braga Ásgeirsson, Guðrúnu Svövu, Guðmundu Andrésdóttur, Hafstein Austmann, Hörð Ágústsson, Jón Engilberts, Jón B. Jónasson, Jóhannes Jóhann-

Ræða Einars

Framhald af 1. síðu.

sama tíma milljónum króna í traktorakaup er ekki von að vel fari í efnahagslífi þjóðarinnar.

Skilningsleysi Framsóknar
Einar Olgeirsson minnti á kröfur verkalýðshreyfingarinnar til ríkisstjórnar Alþýðuflokks og Framsóknar 1934 um heildarstjórn á íslenskum þjóðarbúskap. Sú stjórn átti við mikla örðugleika að glíma og hafði ekki þá aðstöðu sem vinstri stjórn hefur nú. Það sem þá mistókst, sagði Einar, getum við framkvæmt nú ef við siglum framhjá þeim skerjum sem stjórnmálstrandaði þá á, en höfuðástættingarsteinninn var skilningsleysi Framsóknar á kröfum verkalýðshreyfingarinnar. Framsóknarflokkurinn verður að skilja það að það er ekki hægt að halda uppi vinstri stjórn nema honum sé ljóst að taka verður meira tillit til óska verkalýðshreyfingarinnar.